

Fundur hverfisnefndar neðri Brekkur og innbæjar.

6.3.13. kl 20:30.

Mættir: Jens, Simmi, Elín, Humi og Mummi.

-Ákveðið að gera tillögu að leiksvæði í Helgamagrastræti. Tillagan rædd og mótuð. Síðasti séns til að skila inn lokaútgáfu er 12. Mars.

Tillagan er eftirfarandi:

Hverfisnefnd Brekku- og innbæjar;

Varðandi það fé sem nefndin fær að gera tillögu að nýtingu leggur nefndin til að þeir verði nýttir til að byrja á eina ókláraða leiksvæðinu sem samþykkt er af skipulagsyfirvöldum í hverfinu. Staðið hefur til frá 1998 að byggja þetta leiksvæði ásamt ásamt bílastæðum við Helgamagrastæti 10. Svæðið komst fyrst á fjárhagsáætlun árið 2006 en hefur framkvæmdum hefur verið frestað á ári hverju. Núna er tækifæri að byrja á þessu svæði og þessir fjármunir ættu að duga langleiðina til þess. Gróf áætlun okkar bendir til þess að hægt verði að klára svæðið að mestu leyti fyrir þá fjármuni sem nefndin fær að gera tillögu um og erum við ásamt íbúum tilbúin að leggja fram vinnuframlag til að svæðið verði að veruleika. (við getum látið teikna svæðið en okkur skilst að teikningar af svona svæði kosti um 0,5 milljónir, við höfum aðgang að smiðum og handlögnum fólki sem gæti aðstoðað við að setja saman leiktækin, helluleggja öryggissvæði og þökuleggja). Við sjáum fyrir okkur að við gætum unnið þetta í samstarfi við leikvalladeild framkvæmdamiðstöðvar og þannig væri hægt að gera meira fyrir þá fjármuni sem eru í boði. Samhliða þessu verki vonast nefndin til þess að hægt verði að ljúka við gerð bílaplansins samhliða leiksvæðinu.

Einnig skorar nefndin á bæjaryfirvöld að halda áfram með þá endurgerð leiksvæða í hverfinu en á þeim lista eru 3 leiksvæði í þessari röð, Leiruvöllur, Suðurbyggð Leiksvæði og Kambsmýrarvöllur.

Fyrir hönd hverfisnefndar Ragnar Jón Ragnarsson

6. mars 2013

-Fundi slitið kl 22:30